

Reykjavík, 19. september 2003.

Skýrsla Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála um starfssemi nefndarinnar árið 2002.

Tvö mál bárust nefndinni á árinu.

Mál nr. 1/2002: Í máli þessu kærðu Íslandssími hf. og Miðlun ehf. þá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar að afturkalla úthlutun á stuttúmerinu 1444.

Málið var á síðari stigum afturkallað af hálfu kæranda..

Mál nr. 2/2001: Í máli þessu kærði Ingveldur Bjarnadóttir þá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um að Íslandspósti hf. hafi verið heimilt að setja póst sem stílaður er á Árgerði, 620 Dalvík við heimreið að Árgerði en krafa Ingveldar var að Íslandspósti hf. yrði gert að bera út póst heim að bæjum tilheyra dreifbýli þannig að hún fengi póstinn inn um bréfalúgu hússins.

Nefndin felldi ákvörðun ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar úr gildi. Í greinargerð nefndarinnar kemur fram að með vísan til tilskipunar ESB 97/67/EB um sameiginlegar reglur um þróun póstpjónustu Evrópusambandsins og aukin gæði póstpjónustunnar og einnig með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 19/2002 um póstpjónustu taldi nefndin að ekki væri fært að neita sóknaraðila málsins um að póstur sem merktur er Árgerði, 620 Dalvík sé settur í póstkassa eða inn um lúgu í húsinu. Mikilvægt væri, með hliðsjón af jafnræðisreglu laganna, að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta. Til að bvikja frá því þyrftu mun afdráttarlausari og skýrari ákvæði að vera í lögum og reglugerðum. Úrskurður nefndarinnar var því á þá leið að ekki væri heimilt að setja póstinn í póstkassa sem staðsettur er við heimreið heldur skuli hann borinn að bænum og settur þar í bréfabakassa eða inn um bréfalúgu.

Í nefndinni sátu sem aðalmenn Ólafur Garðarsson hrl., formaður, Heimir Haraldsson endurskoðandi og Guðjón Kárasón verkfræðingur. Varamenn voru Lára V. Júlíusdóttir hrl., Sæmundur Valdimarsson endurskoðandi og Þórarinn K. Ólafsson verkfræðingur.